# Mæðradagstónleikar
## Kvennakórs Akureyrar

12. maí 2019 kl. 14:00
Akureyrarkirkju

Stjórnandi:
Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Sérstakir gestir:
Kvennakór Háskóla Íslands
Stjórnandi: Margrét Bóasdóttir

Meðleikarar:
Helena Guðlaug Bjarnadóttir, píanó
Michael Weaver, saxofón
Þorleifur Jóhannsson, slagverk

KVAK

## Kvennakór Akureyrar

Kvennakór Akureyrar var stofnaður á vordögum 2001. Í honum starfa að jafnaði í um 60 konur frá Akureyri og nærsveitum. Formaður kórsins er Þórunn Jónsdóttir og stjórnandi Sigrún Magna Þórsteinsdóttir. Efnisskráin er mjög fjölbreytt og hefur aðalsmerki kórsins verið metnaðarfull efnisskrá sem sótt er víða að. Starfsemi Kvennakórs Akureyrar er að öllu leyti sjálfsprottin og kórkonur sjá sjálfar um rekstur kórsins. Í lok júní fer kórinn til Ítalíu til að taka þátt í kóramóti í Verona.

## Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir stundaði tónlistarnám í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskólanum í Reykjavík, við Tónskóla Þjóðkirkjunnar og í Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Þaðan lauk hún meistaraprófi í kirkjutónlist. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Sigrún hefur starfað sem organisti og kórstjóri í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Sigrún starfar nú sem organisti við Akureyrarkirkju, við Möðruvallaklausturskirkju í Hörgárdal og kennir við Tónlistarskólann á Akureyri. Sigrún fékk úthlutað listamannalaunum frá íslenska ríkinu árið 2016.

## Kvennakór Háskóla Íslands

Kvennakór Háskóla Íslands hefur starfað síðan í desember 2005. Kórinn er skipaður nemendum og fyrrverandi nemendum HÍ ásamt nokkrum söngelskum nemendum annarra skóla. Stjórnandi Kórsins er Margrét Bóasdóttir. Kórinn syngur árlega jólasöngva í anddyri Aðalbyggingar og á Háskólatorgi, einnig hádegissöng í byggingum Háskólans ásamt því að halda sjálfstæða tónleika.

## Margrét Bóasdóttir

Margrét Bóasdóttir lauk burtfararprófi í einsöng og tónmenntakennaraprófi og stundaði framhaldsnám við tónlistarháskólana í Mannheim og Stuttgart. Margrét hefur stjórnað fjölda kóra, raddþjálfað og kennt söng. Hún stofnaði kórinn þegar hún stundaði MBA nám við Háskóla Íslands.

# Efnisskrá

## Lofsöngur
Lag: Sveinbjörn Sveinbjörnsson
Ljóð: Matthías Jochumsson

## Barnagælur
Íslenskt þjóðlag
Úts.: Jórunn Viðar
Þjóðvísa

## Lotning
Þjóðlag
Ljóð: Trausti á Reykdal

## Gloria tibi
Þjóðlag

## Vem kan segla förutan vind / Gulli og perlum
Þjóðlag frá Álandseyjum
Ljóð: Hjálmar Freysteinsson

## Krummavísur
Þjóðlag / Þjóðvísa

## Á Vestdalseyri
Lag: Jón Ásgeirsson
Ljóð: Vilborg Dagbjartsdóttir

## Landið mitt
Lag: Jóhann G. Jóhannsson
verðlaunalag við 100 ára fullveldi Íslands

## Söknuður
Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

## Vorvísa
Lag: Atli Heimir Sveinsson
Ljóð: Jónas Hallgrímsson

## Á Sprengisandi
Lag: Sigvaldi Kaldalóns
Ljóð: Grímur Thomsen

## Djingalla
Þjóðlag frá Lettlandi

## Óskasteinar
Ungverskt þjóðlag
Ljóð: Hildigunnur Halldórsdóttir

## Sway
Lag: Pablo Beltran Ruiz
Ljóð: Norman Gimbel

## Children of the wind
Lag: Susanna Lindmark
Ljóð: Charlotte Rider Norlander

## Oye
Lag og ljóð: Jim Papoulis

## Time to say goodbye
Lag: og ljóð: Francesco Sartori, Lucio Quartantotto og Frank Peterson

# Kórinn þakkar veittan stuðning

AKUREYRARSTOFA